

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 2004

Nr. 436

1090

24. maí 2004

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2 í Flatahverfi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 10. febrúar 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 1 og 2 í Flatahverfi vegna lóðarinnar nr. 2 við Brúarflöt.

Breytingin felst í að fjölga íbúðum úr 6 í 7.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 24. maí 2004.

Þorvaldur Vestmann,

sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

Nr. 437

24. maí 2004

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Mýrarveg, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. febrúar 2004 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Mýrarveg. Breytingin felst í því að við bætist ein lóð fyrir 5 hæða fjölbýlishús, ætlað eldri borgurum, norðan lóðar nr. 113 við Mýrarveg.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi skipulagsuppráttur samþykktur í bæjarstjórn Akureyrar 18. maí 1999, en skipulagsskilmálar samþykktir sama dag gilda áfram óbreyttir.

Akureyri, 24. maí 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.